

Verklagsreglur um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands

Endurskoðuð útgáfa, samþykkt á fundi háskólaráðs 1. mars 2018

1. gr.

Markmið

Kynbundin og kynferðisleg áreitni, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi (hér eftir nefnt brot) er með öllu óheimilt af hálfu starfsfólks og nemenda Háskóla Íslands (HÍ). Slíkt er hvorki liðið í samskiptum starfsfólks og nemenda, starfsfólks innbyrðis, nemenda innbyrðis né í samskiptum starfsfólks eða nemenda HÍ við einstaklinga sem teljast ekki til starfsfólks eða nemenda HÍ enda eigi samskiptin sér stað í tengslum við starfsemi HÍ.

Markmið verklagsreglna þessara er að tryggja að úrræði séu til staðar telji aðili samkvæmt 1. mgr. sig hafa orðið fyrir slíkum brotum.

2. gr.

Hugtök

Með hugtakinu *kynbundin áreitni* er átt við hegðun sem tengist kyni þeirrar/þess/háns sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni.

Með hugtakinu *kynferðisleg áreitni* er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þeirrar/þess/háns sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni.

Með hugtakinu *kynbundið ofbeldi* er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þeirrar/þess/háns sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Með hugtakinu *kynferðislegt ofbeldi* er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Með hugtakinu *starfsfólk* er átt við öll þau sem starfa á vegum Háskóla Íslands, hvort sem þau eru í beinu ráðningarsambandi við skólann, eru stundakennarar eða starfa við skólann sem verktakar eða undirverktakar.

Með hugtakinu *aðilar máls* er átt við þann/þá/hán sem talið er að hafi brotið af sér og þá/þann/hán sem talið er að hafi orðið fyrir broti.

3. gr.

Fagráð

Háskólaráð skipar fagráð sem hefur það hlutverk að taka til meðferðar mál er varða ofangreind brot starfsfólks eða nemenda Háskóla Íslands. Fagráð skal skipað til þriggja ára í senn. Sem formann skal skipa einstakling sem hefur fagþekkingu og reynslu af meðferð mála af þessu tagi og er ekki í föstu starfi við HÍ. Auk formanns skal skipa einn fulltrúa tilnefndan af mannauðssviði HÍ og einn fulltrúa tilnefndan af náms- og starfsráðgjöf HÍ. Jafnframt skipar háskólaráð þrjá fulltrúa sem varamenn eftir sömu reglum.

Verklagsreglur um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands

Endurskoðuð útgáfa, samþykkt á fundi háskólaráðs 1. mars 2018

Við tilnefningar í fagráðið skal gætt að ákvæðum 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Hlutverk fagráðsins er að taka við og rannsaka kvartanir og tilkynningar um brot starfsfólks eða nemenda HÍ, veita yfirmönnum náms- eða starfseininga(r) og aðilum máls umsögn um þær og koma með tillögur til úrbóta eftir því sem við á. Fagráðið skal enn fremur vera yfirstjórn HÍ til ráðgjafar um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn brotunum. Fagráðið skal hafa hliðsjón af ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum um andmælarétt, rannsóknarskyldu, jafnræði aðila og málshraða eftir því sem við á. Fagráðið setur sér starfsreglur um málsmeðferð og starfshætti sína.

Með fagráðinu starfa fulltrúi mannauðssviðs og jafnréttisfulltrúi HÍ.

4. gr.

Kvartanir

Hver(t) sem vill bera fram kvörtun vegna brots sem viðkomandi telur sig verða eða hafa orðið fyrir af hálfu starfsfólks eða nemanda við Háskóla Íslands eða tilkynna um brot sem viðkomandi telur sig hafa rökstuddan grun eða vitneskju um, skal að jafnaði snúa sér til einhvers hinna þriggja fulltrúa í fagráðinu eða til jafnréttisfulltrúa HÍ.

Starfsfólk HÍ getur einnig snúið sér til næsta yfirmanns en sé hann sá sem talinn er hafa framið brot getur starfsfólk snúið sér til þar næsta yfirmanns. Nemendur geta einnig snúið sér til viðkomandi deildarforseta eða eftir atvikum forseta viðkomandi fræðasviðs.

Hver(t) sem tekur við kvörtun eða tilkynningu um brot skal umsvifalaust vísa erindinu til fagráðsins til faglegrar meðferðar.

5. gr.

Málsmeðferð fagráðs og úrlausn

Þegar fagráði berst kvörtun eða tilkynning um brot skal ráðið boða þann/þá/hán sem kvartað er yfir á fund ráðsins og kanna afstöðu hans/hennar/háns til kvörtunar eða tilkynningar. Berist tilkynning frá öðrum en þeirri/þeim/háni sem talið er að hafi orðið fyrir broti, boðar ráðið þá/þann/hán sem talið er að hafi orðið fyrir broti á fund sinn og kannar afstöðu hennar/hans/háns til tilkynningar. Að loknum viðtölum við aðila málsins ákveður ráðið hvort taka skuli málið til formlegrar meðferðar. Fagráðið skal eiga óheftan aðgang að gögnum sem kvörtunina varða í skjalasafni Háskóla Íslands og skjalasöfnum deilda.

Ákveði fagráðið að taka mál til formlegrar meðferðar skal ráðið tilkynna það yfirmönnum náms- eða starfseininga(r) aðila málsins eftir því sem þörf er á. Skulu yfirmenn, að höfðu samráði við fagráðið, grípa til nauðsynlegra ráðstafana varðandi náms- eða vinnutilhögun aðila málsins. Reynt skal að ná sáttum um vinnutilhögun meðan málið er í skoðun. Óheimilt er að flytja þá/þann/hán, sem hefur kvartað eða orðið fyrir broti, til í starfi vegna kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis, nema viðkomandi óski þess.

Fagráðið skal kanna málið til hlítar meðal annars með því að ræða við aðila þess og eftir atvikum samstarfsfólk eða aðra sem varpað geta ljósi á málið. Fagráð skal bjóða þeirri/þeim/háni sem talið er að hafi orðið fyrir broti sérfræðiaðstoð sálfræðings, félagsráðgjafa eða annars meðferðaraðila með sérþekkingu á umræddum brotum. Óski viðkomandi eftir að kæra mál til lögreglu skal fagráðið vera henni/honum/háni til aðstoðar við það eftir föngum.

Verklagsreglur um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands

Endurskoðuð útgáfa, samþykkt á fundi háskólaráðs 1. mars 2018

Þegar rannsókn máls er lokið kynnir fagráð aðilum og yfirmönnum náms- eða starfseininga(r) þeirra niðurstöður sínar með umsögn. Telji fagráðið að um brot hafi verið að ræða skal ráðið gera tillögur að viðbrögðum til yfirmanns viðkomandi náms- eða starfseiningar, sem ákveður á grundvelli umsagnarinnar, í samráði við mannauðssvið eða náms- og starfsráðgjöf, til hvaða úrræða réttast er að grípa. Endanlegt ákvörðunarvald í málum þessum er í samræmi við lög og reglur HÍ.

6. gr.

Þagnarskylda

Mæli lög ekki á annan veg er fagráði og öðrum þeim sem að málunum koma skylt að gæta þagnælsku um einstök mál.

7. gr.

Tölfræðiupplýsingar

Fagráð skal halda til haga tölfræðilegum upplýsingum um mál sem berast fagráðinu og birta þær árlega.

8.

Gildistaka

Verklagsreglur þessar, sem settar eru á grundvelli 2. gr. reglna um Háskóla Íslands nr. 569/2009 og með hliðsjón af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, öðlast gildi við staðfestingu háskólaráðs.